

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Húnaþings vestra.

1. gr.

Hitaveita Húnaþings vestra selur heitt vatn úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi sveitarfélagsins Húnaþings vestra og hún hefur umráðarétt yfir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð fyrir Hitaveitu Húnaþings vestra, nr. 1192/2012.

2. gr.

Hitaveita Húnaþings vestra lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja orkumæli fyrir hvert upphitunarkerfi og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selt heitt vatn við orkuinnihald. Hitaveitan ræður gerð orkumæla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

3. gr.

Ef kaupandi óskar að mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðréttá reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða Hitaveita Húnaþings vestra, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

4. gr.

Hitaveita Húnaþings vestra rekur 4 aðskilin hitaveitusvæði og dreifikerfi með vatni sem hefur mismunandi hita eftir svæðum. Þessi svæði eru:

- á Hvammstanga og í dreifbýli við Miðfjörð, Hrútafjörð og í Víðidal,
- á Laugarbakka í Miðfirði,
- á Reykjatanga við Hrútafjörð og
- á Borðeyri.

Innheimt er eftir orkumæli (kr./kWst.) og er gjald fyrir einingu miðað við orkuinnihald og er það sama á öllum svæðum. Viðmiðunarhitastig á bakrás orkumælingar er 30 gráður.

5. gr.

Afnotagjöld.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

- | | |
|---|----------------|
| a) Orkugjald samkvæmt mæli | 3,45 kr./kWst. |
| b) Fastagjald mælis: | |
| A 15 mm | 17.370 kr./ár |
| B 20-25 mm | 33.845 kr./ár |
| C 32-50 mm | 72.455 kr./ár |
| D 65 mm og stærri | 98.915 kr./ár |
| c) Orkugjald skv. mæli fyrir gróðurhús | 0,74 kr./kWst. |
| d) Orkugjald skv. mæli fyrir sundlaugar | 0,86 kr./kWst. |
| e) Lokunargjald | 5.235 kr. |

6. gr.

Heimæðargjald í þéttbýli.

Heimæðargjald Hitaveitu Húnaþings vestra skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð í þéttbýli:

<i>Dvermál pípu, stál</i>	<i>Dvermál pípu, plast</i>	<i>Heimæðargjald</i>	<i>Viðmiðunarstærðir húsnæðis</i>
20 mm	25 mm	469.984 kr.	allt að 1.200 m ³
25 mm	32 mm	690.695 kr.	1.200 – 2.600 m ³
32 mm	40 mm	1.046.888 kr.	2.600 – 4.000 m ³
40 mm	50 mm	1.935.150 kr.	4.000 – 10.000 m ³

Ef um sverari heimæðar er að ræða skal semja um það sérstaklega.

Lengdargjald.

Lengdargjald í þéttbýli, greiða skal 6.440 kr./m fyrir hvern metra umfram 25 metra innan lóðarmarka.

Stofngjald.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli umfram einn á sama inntaki er 46.105 kr.

Heimæðargjald í dreifbýli, frávik og breytingar.

Gjöld fyrir hitaveitulagnir í dreifbýli og aðrar stærðir heimæða en um getur að ofan svo og fyrir breytingar greiðist samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimæðina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda skv. 79. gr. orkulaga nr. 58/1967.

8. gr.

Hitaveita Húnaþings vestra hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun greiðir sá sem vanskilum veldur hverju sinni.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húnaþings vestra skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967, til að taka gildi 1. janúar 2025. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis, nr. 1371/2023.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 16. desember 2024.

F. h. r.

Magnús Guðmundsson.

Hreinn Hrafnkelsson.